

Í tilefni 100 ára afmælis óskar Umf. Neisti eftir fjárveitingu að upphæð 1.000.000 kr. Til þess að standa fyrir viðburðum og varanlegri aðstöðuuppbygginu í tengslum við aldar afmælið.

Neisti er stórhuga í sínum áformum fyrir starfsárið. Féið sem sóst er eftir myndi nýtast í eftirfarandi:

- 100 ára afmælisveislu sem haldin yrði í febrúar 2019, þeim sama mánuði og stofnfundur félagsins var haldinn 100 árum áður. Stjórn Neisti sér fyrir sér afmælishátíð á Hótel framtíð þar sem öllum bæjarbúum væri boðið í kaffi og hátíðartertú. Saga félagsins yrði rakin með myndasýningu, ræðum og það er vilji stjórnar að fá sögukunna menn og fagaðila til þess að taka saman sögu Neista og gefa svo út sérstakt afmælisrit þar sem þessi ár væru rakin. Þessu framtaki fylgir einhver kostnaður og myndi fjárveiting Djúpavogshrepps nýtast í þetta verk.
- Stjórn Neista hefur sömuleiðis í hyggju að bæta aðstöðu til íþróttaiðkunar í bænum varanlega með kaupum á búnaði. Ýmsar hugmyndir hafa verið ræddar og þær sem upp úr standa er svo kallaður Skólahreystisvöllur ásamt talsverðum viðbótum við Ærslabelginn sem slegið hefur í gegn frá uppsetninu nú í sumar.
 - Skólahreystisvöllurinn er í raun aðstaða með allnokkrum tækjum sem eru hannaðar til íþróttaiðkunar í samræmi við Skólahreysti sem haldið er árlega fyrir alla grunnskóla á landinu. Þessi tæki myndu nýtast öllum, ungum sem og öldnum og væri mikil lyftistöng fyrir alla sem vilja stunda óhefðbundari íþróttir en mikil vöntun er á slíku hér í bæ. Neisti sér fyrir sér að völlurinn yrði staðsettur á sama reit og ærslabelgurinn og að það svæði verði þá orðið enn betra opið leik- og útivistarsvæði fyrir allt samfélagið. Þessu fylgir talsverður kostnaður og framkvæmdir yrðu miklar en afraksturinn væri mikil búbot fyrir allt sveitarfélagið á sviði íþróttar og lýðheilsu. Neisti hyggst beita sér fyrir því að fjárafla fyrir þessari aðstöðuuppbyggingu og myndi hluti af eftirsótttri fjárveitingu fara í þessar framkvæmdir.
 - Ærslabelgurinn hefur verið afar vel nýttur síðan hann var tekinn í gagn. Það er þó töluverð vöntun á aðstöðu í kringum belginn. Neisti vill að smíðaðir verði bekkir og borð úr við (hugsanlega frá Skógræktarfélagi Djúpavogs?) og settir verði við belginn. Ásamt því vill Neisti að niðursagaðir tjrábolir í mismunandi stærðum verði settir niður í kringum belginn. Drumbarnir gætu nýst sem leiktæki ásamt því að vera prýðileg sæti fyrir þá sem vilja fylgjast með. Þetta væri verkefni sem rímar vel við Cittaslow hæglætisstefnuna og myndi fegra og bæta aðstöðuna á þessu svæði. Einnig kom upp sú hugmynd að settar yrðu upp ruslatunnur á svæðinu í líkingu við það sem nýlega var sett upp í miðbæ Djúpavogs.

Sem fyrr segir er Neisti stórhuga á árinu. Þetta eru þau verk sem umsótt upphæð myndi nýtast í að fjármagna. Neisti óskar eftir því að umsókn þessi um fjárveitingu verði tekin fyrir á næsta sveitarstjórnar fundi og niðurstöður kynntar í kjölfarið.

Fyrir hönd stjórnar Neista,

William Óðinn Lefever, framkvæmdastjóri Neista.